



**26. fundur Heimastjórnar Fljótshéraðs
haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins, Egilsstöðum, fimmtudaginn 1.
september 2022
og hófst hann kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Vilhjálmur Jónsson formaður, Dagmar Ýr Stefánsdóttir aðalmaður, Jóhann Gísli Jóhannsson aðalmaður og Óðinn Gunnar Óðinsson skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri

Dagskrá:

1. 202208061 - Kynning á starfsemi íprótta- og æskulýðsdeildar

Á fundinn undir þessum lið mætti Bylgja Borgþórsdóttir, íprótta- og æskulýðsstjóri, sem kynnti stofnanir og starfsemi sveitarfélagsins á sviði íprótta- og æskulýðsmála.

Heimastjórn Fljótshéraðs þakkar Bylgju fyrir góða kynningu og greinagóðar upplýsingar.

Lagt fram til kynningar.

2. 202205025 - Umsókn um framkvæmdaleyfi, Skógrækt, Hvanná 1

Fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðra áforma um skógrækt á 82,4 ha svæði í landi Hvannár 1 (L156914) á Jökuldal. Hluti fyrirhugaðs ræktunarsvæðis er innan svæðis nr. 642 á náttúruminjaskrá, Gilja- og Hauksstaðahólar, og liggur fyrir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt viðbrögðum framkvæmdaraðila við henni.

Umhverfis- og framkvæmdaráð fjallaði um málið á 60. fundi sínum og samþykkti að vísa umsögn NÍ og viðbrögðum framkvæmdaraðila til heimastjórnar Fljótshéraðs sem náttúruverndarnefndar til umsagnar.

Heimastjórn Fljótshéraðs leggur til við umhverfis- og framkvæmdaráð að óskað verði eftir að framkvæmdaaðili skili inn skýrari gögnum og þá sérstaklega uppdætti af fyrirhuguðu skógræktarsvæði. Þar verði t.d. gerð grein fyrir með skýrum hætti hvaða trjátegundum fyrirhugað er að planta og hvar á svæðinu. Sýnt verði hvar eru náttúrulegir birkiskógar á umræddu framkvæmdasvæði og að skýrt komi fram í hvaða slík birkiskógasvæði eigi ekki að planta öðrum tegundum. Einnig verði látið koma fram hvar minjar eru á svæðinu og helgunarsvæði þeirra. Þá leggur heimastjórnin til að framkvæmdasvæðið nái ekki inn á svæði sem er á náttúruminjaskrá. Þannig verði dregið úr neikvæðri ásjón af framkvæmdinni á jökulvatnasethóla frá ísöld og tryggður sýnileiki jarðminjanna á náttúruminjaskrá.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.



3. 202102240 - Deiliskipulag, Valgerðarstaðir

Fyrir liggur tillaga nýs deiliskipulags fyrir iðnaðar- og athafnasvæði við Valgerðarstaði í Fellum. Skipulagið er sett fram í greinargerð og á uppdrætti, dagsett 12. ágúst 2022. Jafnframt er lagt fram til kynningar minnisblað um græn svæði í skipulaginu, dagsett 26. ágúst 2022.

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 29.8. 2022: Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að leggja til við heimastjórn Fljótsdalshéraðs að fyrirbyggjandi tillaga verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum að svæðið "grænn geiri við Klofastein" verði felldur út og lóðir aðlagaðar og að nýjar götur fái allar nafnið Valgerðarvegur.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs samþykkir að tillagan verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, en leggur til að gert verði ráð fyrir að götunöfnin verði í samræmi við eldri greinargerð frá 12.8. 2022, sem tekin var fyrir á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 29.8.2022. Þá leggur heimastjórn til að "græni geirinn við Klofastein" fái að halda sér enda góð rök fyrir því tilgreind í greinargerð og tryggt verði að sveitarfélagið hirði um svæðið.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

4. 202208134 - Ályktun af aðalfundi Hollvinasamtaka Hjaltalundar

Fyrir liggur ályktun frá aðalfundi Hollvinasamtaka Hjaltalundar, sem haldinn var í Hjaltalundi 20. ágúst 2022, þar sem hvatt er til þess að komið verði upp útskoti við vegmót Sandbrekkuveggar og Borgarfjarðarveggar, þar sem m.a. yrði mögulegt að koma upp skiltum með upplýsingum um svæðið s.s. um Hjaltalund, náttúruperlur, Hjaltastaðakirkju, gönguleiðir og fleira.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs líst vel á hugmyndina og bendir hollvinasamtökunum á að vera í samvinnu við Vegagerðina um málið.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

5. 202208007 - Gangnaboð og gangnaseðlar 2022

Fyrir liggur gangnaseðill 2022 fyrir Eiðapinghá.

Einnig liggur fyrir ályktun frá fundi landeigenda og ábúenda í Eiðapinghá, sem haldinn var 26. ágúst. Þar er skorað á Múlaping að láta gera við afréttargirðingu sem liggur ofan bæja í Eiðapinghá milli Gilsár og Eyvindarár og tryggja að framvegis verði nauðsynlegu viðhaldi við girðinguna sinnt á hverju vori.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs samþykkir fyrirbyggjandi gangnaseðil.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs leggur til að umhverfis- og framkvæmdaráð taki upp viðræður við Skógræktina og Vegagerðina um afréttargirðingu sem liggur ofan bæja í Eiðapinghá milli Gilsár og Eyvindarár á grundvelli eldra samkomulags.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

6. 202208143 - Fjárhagsáætlun umhverfis- og framkvæmdasviðs 2023



Fyrir liggur tölvupóstur dagsettur 29.8. 2022, frá Hugrónu Hjálmarsdóttur framkvæmda- og umhverfismálastjóra, þar sem kallað er eftir áherslum heimastjórna varðandi nýframkvæmdir og viðhald á þeirra svæði, sem verði síðan hafðar til hliðsjónar við fjárhagsáætlunavinnuna framundan.

Heimastjórn Fljótshálsa óskar eftir að fá frá umhverfis- og framkvæmdasviði yfirlit yfir framkvæmdaáætlun fjárhagsáætlunar 2022-2025 og stöðu framvindu verkefna á Fljótshálsa.

Málið áfram í vinnslu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:55

